

Mitt 25/1 1960.

Skógarvörðurinn á Vöglum,

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1959.

Ísleifur Sumarliðason.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1959.

---

### I. I n n g a n g u r.

---

#### 1. Veðurfar.

Mikil frost voru frá áramótum fram til 23. janúar, en þá brá til sunnanáttar og tók snjór þá að síga. Mesta frost í mánuðinum mældist 12. jan. -22.7 stig, mesta snjódýpt 22. s. m. 58 cm.

Í febrúar var yfirleitt ríkjandi suðlæg og suðvestlæg átt, snjólétt en umhleypingasamt. Mesta snjódýpt í mánuðinum mældist 28., 20 cm.

Í marz var að mestu ríkjandi suðlæg og suðvestlæg átt og varð snjór mestur 40 cm. 6. marz, en úr því tók snjór mjög að síga og var autt allan síðari hluta mánaðarins. Hiti mældist mestur 11.6 stig 22. marz.

Frá byrjun apríl fram til 16. s. m. var oft snjócoma eða éljagangur, en eftir það hægviðri og sólfar. Mesta snjódýpt mældist 9. apríl 9 cm.

Sunnanátt var að mestu ríkjandi í maí og frá 9. maí voru óvenju mikil hlýindi og mældist mesti hiti mánaðarins 19. maí 18.4 stig. Úrkoma var varla mælanleg, aðeins 0.4 mm.

Frá 6. - 20. júní var norðanátt ríkjandi og tíðum slydda eða snjócoma. Seinkaði öllum framkvæmdum í skóginum mjög af þessum sökum. Skemmdir urðu talsverðar í gróðrarstöðinni.

Eftir 20. júní voru hlýindi og hélzt svo út allan júlí.

Í ágúst var ríkjandi norðanátt, hema fyrstu og síðustu viku mánaðarins.

Í september ríkti sunnanátt og var veður stillt, en úrkomu lítið.

Í október var einmuna gott tíðarfar og suðlæg átt, nema dagana 24. - 27. okt. Hélzt sunnanáttin fram til 8. nóvember, en þá gerði eina hina verstu stórhrið, sem komið hefir um árabíl. Mældist snjódýpt 71 cm. 11. nóv., en þá gerði frost og stillur er stóðu fram til 18. s. m. Hinn 21. og 22. nóv. blotaði og seig snjór þá nokkuð og var aðeins 10 cm. í lok mánaðarins.

Í desember ríkti yfirleitt suðlæg átt, fram til 15., en eftir það norðlæg átt. Hægviðri. Snjólétt. Mesta snjódýpt mældist 31. des. 30. cm.

Á árinu voru 3 dagar með 20. stiga hámarkshita og þar yfir. Heitast var 27. júlí 24.7 stiga

Síðasta vorfrost mældist 19. júní -2.4 stig. Frost mældist 8. ágúst -1.5 stig og aftur 14. s. m. -0.5 stig. Ennfremur 6. september -5.0 stig og 12. s. m. -5.0 stig og 27. s. m. -3.8 stig. Mesta frost mældist 20. des. 23.5 stig.

Úrkommælingar við gróðrarstöðina í Vaglaskógi 1959.

-----

<u>Mánuður</u>	<u>Úrkoma</u>
Janúar	39.7 mm.
Febrúar	61.6 -
Marz	59.1 -
Apríl	47.1 -
Mai	4.4 -
Júní	103.0 -
Júlí	34.7 -
Ágúst	73.2 -
September	21.7 -
Október	52.2 -
Nóvember	101.3 -
Desember	61.8 -

Alls 655.8 mm.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Einstaka runnar litkuðust 16. maí, en skógurinn um 20. s. m. Allaufgaður var skógurinn 27. maí og má geta þess að svo snemma hefir hann ekki laufgast síðan 1955.

Lauf tók að falla 16. september, ört féll það upp úr 20. s. m. og var skógurinn að mestu lauflaus 29. september.

Í hretunum í júní fór birkið skógurinn mjög illa, sérlega ofan til þar sem veðursins gætti mest. Var ekki kominn sami litur á skóginn fyrr en um mitt sumar og dróg þetta mjög úr vexti og þroska skógarins.

Fræfall var afar lítið. Safnað var nú 3.5 kg. af birkifræi og varð kostnaður við söfnun þess 591.09 eða kr. 188.88 á kg.

3. Starfsmenn og verkafólk.

Fastráðið verkafólk 1. júní til 1. september var fimm stúlkur auk ráðskomu og fjórir karlmenn auk verkstjórnas, Karls Bragasonar, sem ráðinn var 10. maí - 10. okt. Vegna meiðsla var hann frá vinnu mánaðartíma í júní og júlí.

Magnús Elvevold frá Mälselv í Troms, sem vann hér s. l. sumar, kom nú aftur og tók að sér verkstjórn við gróðursetninguna. Annaðist hann það starf af mestu samviskusemi, auk þess sem hann gróðursetti mann-a mest.

Auðólfur Gunnarsson frá Reykjavík sá um uppsetningu girðingarinnar um Fellsskóg. Fórst honum það þrýðilega úr hendi.

Greidd vinnulaun á árinu voru kr. 313.306.35, þar af til Þnjóskdæla kr. 165.017.71.

Þaðiskostnaður stúlkna varð kr. 21.60, en karla kr. 30.60 á dag.

II. Girðinga framkvæmdir.

---

1. Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð:

Vaglagirðing.....	kr.	664.18
Græðireitsgirðing.....	-	3309.03
Lunds-og Þórðarstaðagirðing.....	-	6076.38
Sigríðarstaðagirðing.....	-	2736.05
Mela-og Stórhöfðagirðing.....	-	2235.30
Fosselsgirðing.....	-	1887.16
Sandhaugagirðing.....	-	<u>2766.45</u>

kr.19674.55

Viðhaldskostnaður varð nú tæpl. kr. 6.000.00 minni en á s. l. ári, enda var mjög snjólétt og mun það mestu ráða. Í þessari upphæð eru aðeins vinnulaun, ekki efni.

Vaglagirðing: Ekkert efni var notað í girðinguna, nema bindivir. Bæta þarf aflstaurum í girðinguna sunnan Vagla.

Græðireitsgirðing: Steypt var nýtt hlið á gömlu græðireitsgirðinguna, þar sem búið var að brjóta alla hliðstöplana fyrir löngu og ekki vanþörf á að fá nýtt hlið. Urðu framkvæmdir þessar nokkuð kostnaðarsamar, þar sem brjóta þurfti niður mikið af gamla sökklimum. Var kostnaðurinn kr. 2.859.03.

Lunds-og Þórðarstaðagirðing: Viðhaldskostnaður við þessa girðingu varð nú nokkru meiri en s. l. ár. Var girðingin nú mjög illa farin á fjallinu, sýnilega eftir fárviðri, sem þar hefir geysað s. l. vetur. Er fyrirsjáanlegt að girðinguna þarf að endurbæta þar mjög í sumar. Í girðinguna á fjallinu var bætt 50 járnstaurum og 35 millistaurum (birki) og í gaflana 150 birki-staurum.

Sigríðarstaðagirðing: Af efni var notað í girðinguna: 2 rl. vírnet, 1 rl. gaddavir, 15 járnstaurar, 25 birkistaurar 6 feta, 100 millistaurar 4 feta og 100 staurar 5 feta, allt birki. Vírnetinu var bætt í girðinguna að neðan, þar sem hún var verst farin, en nauðsynlegt er að endurnýja girðinguna þar alveg sem fyrst.

Mela-og Stórhöfðagirðing: Bætt var í girðinguna 25 járnstaurum, 35 birkistaurum 6 feta og birkistaurum 5 feta. Girðinguna þarf að endurnýja, ef ekki verður girt upp á fjall eins og oft hefir verið bent á að gera þurfti.

Fosselsgirðing: Ekki vannst tími til að girða upp gaflim að norðan eins og ráðgert var. Gert er ráð fyrir að færa girðinguna á merkin milli Fossels og Vaðs, en við það færast hún dálítið norður að ofan, en suður í skóginn að neðan. Þar sem jarðýta vann að vegabótum í Fosselskógi, var notað tækifærið áður en hún fór og ýtt undir væntanlega girðingu þar sem þess var kostur og mest þörf á.

Sandhaugagirðing: Ekki var notað annað efni en bindivír og lykkjur. Umsjónarlaun Sigurðar Eiríkssonar, kr. 2.000.00, eru talin með í viðhaldskostnaði að venju.

## 2. Nýjar girðingar.

a. Fellsskógargirðing. Hinn 21. júlí var hafist handa um að girða Fellsskóg og var því verki að mestu lokið 31. júlí. Eftir var þó að setja upp tvo gaddavírsstrengi ofan við netið, þar sem gaddavír var ekki fyrir hendi. Ennfremur var eftir að setja upp millistaura að mestu.

Auðólfur Gunnarsson stjórnaði verki þessu sem fyrr segir og hafði hann sér til aðstoðar fimm menn. Lágu þeir við í tjáða- um meðan á verkinu stóð. Nesti höfðu þeir með sér frá Matarfélaginu á Furuvöllum en fengu keypta eina máltíð að kvöldinu að Hóli í Kinn.

Ferguson dráttarvél skógræktarinnar var notuð til flutninga á efni á girðingarlinuna eftir því sem við varð komið, einnig til milliferða.

Friðgeir Jónsson í Yztafelli sá um að ljúka við girðinguna þegar gaddavírim fékkst og var því verki að fullu lokið um miðjan september.

Árið 1957 var ruddur vegur suður skóginn og ákveðið að girðingin skyldi sett upp á neðri kant hans. Nú var ýturuðningurinn búinn að síga og var því stórum betra að girða á kantinn en fyrr hefði verið. Samt varð ekki hjá því komist að senda ýtu suður veginn til að jafna hann og breikka. Á nokkrum stöðum þarf enn að grafa skurði og ræsi, þar sem vatn situr uppi meðfram veginum.

Af efni var notað:

Járnstaurar.....	202	stk.
Birkistaurar 6 feta .....	215	-
Millistaurar 4 - .....	810	-
Horn-og strekkingastaurar ( 2" galv. rör).....	17	-
Hliðstaurar.....	2	-
Vírnet .....	39	-
Gaddavír.....	49	rí.
Sigavír.....	2	-
Bindivír.....	1	-
Sement .....	14	pk.
Lykkjur .....	2	-
Stáltunnur .....	2	stk.

Kostnaður varð:

Kostnaður við vegagerð 1957.....	kr.	15.882.75
Vinnulaun.....	-	20.661.67
Flutningar.....	-	3.193.20
Ýtuvinna.....	-	1.080.00
Efni.....	-	<u>38.674.38</u>

Alls kr. 79.492.00

Girðingin er um 3900 m að lengd, vírnet og þrjár gaddavírsstrengir, einn undir en tveir ofan nets. Tvö hlið eru á girðingunni, annað að norðan, neðarlega, en hitt að ofan, rétt norðan við merkin milli Yztafells og Skógræktar ríkisins og er það steinsteyppt en í norður hliðið voru notaðir rekaviðar staurar.

Nauðsynlegt er að setja hlið á suðurgaflinn, ef fénaður kemst inn í girðinguna.

Innan girðingar munu vera um 90 ha. lands, eftir mælingu Snorra Sigurðssonar.

Landið er girt á þrjá vegu en að neðan ver Skjálfafljótt það fyrir ágangi fénaðar.

b. Græðireitsgirðing. Norðurgafi græðireitsgirðingarinnar var tekin upp vegna húsbyggingarinnar á s. l. ári og var girðingin nú færð norður undir Stefánsbraut og lengdist við það um 203 m. Lengd girðingarinnar allrar er nú 933 m., vírnet og einn gaddavírstrengur ofan nets.

Af nýju efni var notað:

Vírnet.....	2 rúllur
Gaddavír.....	1/2 -
Járnstaurar.....	10 stk.
Birkistaurar, 6 feta.....	15 -
Millistaurar, 4 feta.....	40 -
Hornstaurar ( 2" galv.rör.)	2 -
Sement.....	1 sk.

Kostnaður varð:

Vinnulaun.....	kr. 3.626.54
Efni.....	- 1.773.00
	<u>kr. 4.399.54</u>

c. Fjárhólf. Ráðist var í að girða upp gamla fjárhólfið norðan Vaglatúns, vegna þess að girðing er engin um túnið á Vöglum, sem varnar fé að renna í skóginn og því ekki hægt að að hafa fé þar haust og vor þegar mest á liggur.

Skógargirðingin var notuð sem fyrr á tvo vegu en girt að nýju 764 m löng girðing, vírnet og tveir gaddavírsstrengir.

Af nýju efni var notað:

Vírnet.....	7 rúllur
Birkistaurar 5 & 6 feta....	197 stk.
Gaddavír.....	2 rúllur

Kostnaður varð:

Vinnulaun.....	kr. 2.872.69
Efni.....	- 3.260.00
	<u>kr. 6.132.69</u>

III. Skógarhögg.

Á árinu var höggvið:

	Eldiv.	Efniv.	Arinnv.	Staurar	Staurar	Millist.	Viðarmagn
	kg.	m3.	kg.	6 fet	5 fet	4 fet	Hestb.
Vaglaskógur	33.460	1.500	11.970	1352	710	685	591

Söguð voru 28.5 tonn viðar, þar af fyrir Brúarlund og Furuvelli 4 tonn, reykviður 12.5 tonn og arinnviður 12 tonn, sendur í Fossvog. Skógarhögg var mikið minna en á s. l. ári, enda stöðugt minkandi eftirþapurn eftir eldi-og reykviði og takmarkaðir sölumögleikar á arinnviði og staurum.

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 412, 418, 419 og norður hlutar nr. 413 og 417.

Ennfremur voru höggvin 6 - 8 m. breið göng neðan frá ánni og upp undir fjárhús á Vöglum. Liggja þau skammt suð-vestan við Brúarlund á ská upp skóginn og enda vestan við fjárhúsin eins og fyrr er sagt. Göng þessi voru höggvin vegna raflímu, sem koma á í Vagli. Starfsmenn skógræktarinnar unnu verk þetta, en Rafveitur ríkisins greiddu allan kostnað við það. Mikið af stauraviði og dálítið af smíðaviði kom úr göngunum.

Viðarbirgðir í árslok eru áætlaðar 15 tonn eldiviðar, 500 staurar 6 feta, 250 staurar 5 feta og 300 millistaurar, allt í Vaglaskógi.

Um viðarbirgðir í Fossvogi er ekki vitað, þar sem uppgjör hefir ekki borizt, en töluverðar birgðir eru þar af afmávið.

Tekjur af skógarhöggi urðu kr. 44.665.00, gjöldin kr. 43.474.57. Eldiviður notaður hér og staurar hálf eigin girðinga, aðmvermati kr. 8.159.00 er ekki reiknað til tekna.

IV. Græðireitur.

1. Fjárfesting í græðireitnum.

Á árinu var keypt:

Sanddreifingarvél fyrir Ferguson dráttarvél.

Því miður var ekki athugað hve mikið vélin sparaði í vinnulaunum við sanddreifingu, en nú var öllum sandi dreift á hálfum öðrum degi. Gæti ég trúað að vélin mundi borga sig upp á þremur til fjórum árum.

Vatnsveitan: Vatnsleiðslan var grafin niður frá vatnsþónni og upp að lindinni þar sem vatnið er tekið. Má segja að þetta komi skógarvarðarbústaðnum, sem byggja á við gróðrarstöðina, fyrst og fremst að notum, þar sem ekki er hægt að fá tryggt vatn til hans nema frá fyrrnefndri lind.

Nýrækt. Jafnaður var kantur við reitina á Blómsturvöllum, en ekki lokið við að þekja hann.

Fyrirhugað er að rétta reiti III og IV við Kumblaflöt, til samræmis við hina reitina. Þá verður heldur ekki lengur umflúið að ganga endanlega frá ófullgerðum köntum við reitina og verður að ljúka þessu næsta sumar.

Baldur Þorsteinsson skógfræðingur, mældi upp alla nýju reitina við Kumblaflöt og Blómsurvelli s. l. haust.

## 2. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

600 kg. kögnunarefni,  
225 - þrífosfat,  
160 - brennisteinssúrt kalí.

Af húsdýraáburði var notað:

12.5 tonn sauðatað  
49.0 - mykja

Kostnaður við áburðarkaup, akstur og dreifingu áburðarins varð kr. 12.213.42.

Búið er að bera húsdýraáburð í mestan hluta af því landi sem notað verður næsta vor.

Sama verð var greitt fyrir áburðinn og á s. l. ári.

## 3. Sániing í græðireitinn.

Sániing hófst 27. maí og var lokið 6. júní. Hinn 24. október var sáð lindifurufæri. Vegna mikillar músaplágu var geymdur um þriðji hluti fræs, þess er hingað var sendur, til næsta vors.

Fræið var mjög lítið farið að spíra, þegar hretin komu í júní. Þegar hlýnaði upp úr 19. júní spíraði það fljótt og vel. Samt verður að telja að hvítgreni, sitkabastarður, sitkagreni og fjallapínur séu of gisín, enda var hvítgreninu sáð gisnar en sagt var fyrir áfræseðli, vegna gamallar reynslu í þeim efnum.

Kostnaður við sániingu varð kr. 9.663.12 eða kr. 8.86 á m<sup>2</sup>, lækun sem nemur kr. 1.26 á m<sup>2</sup>.

Strigi var nú ekki færður á sániingu eins og á s. l. ári, en hann nam þá röskri krómu á m<sup>2</sup>.



Fræsáning á Vöglum 1959.

Egund	Uppruni	kg.	m2	Fræs.
✓ Birki	× Vagfir	11.00	108.0	B 418
✓ Birki	× Hallormsstaður	2.00	90.0	B 419
✓ Elri	× Kolden, Lom.	0.04	1.0	B 414
✓ Blágreini	× Sapinero, Col.	2.00	104.0	B 431
✓ Hvítgreini	× Fairbanks	5.00	144.0	B 434
✓ Rauðgreini	× Vefsen Grane	3.00	126.0	B 328
✓ Rauðgreini	× Vefsen Grane	0.80	30.0	f.f.ári
✓ Sitkagreini	× Homer	2.00	14.0	B 389
✓ Sitkabastarður	× Lawing	2.00	57.0	B 436
✓ Svartgreini	× (A-41) Fairbanks	0.05	3.0	B 434
✓ Evrópulerki	× Lüssai, Graubünden	2.00	52.0	B 423
✓ Rússalerki	× Sénkúrsk, Ark.	2.00	68.0	B 424
✓ Bergfura	× Ginébra, Pyr.	1.50	44.0	B 448
✓ Bergfura	× Héutes Alpes	0.20	6.0	B 450
✓ Broddfura	× Sapinero, Col.	2.00	30.0	B 390
✓ Lindifura	× Krasnojarsk	2.90	12.0	B 441
✓ Skógarfura	× Troms strönd	3.00	54.0	B 184
✓ Skógarfura	× La Matte, Pyr.	1.00	36.0	B 405
✓ Stafafura	× Skagway	0.50	36.0	B 444
✓ Stafafura	× Sapinero, Col.	0.03	1.0	B 445
✓ Fjallapöll	× Lawing	1.00	21.0	B 409
✓ Fjallapínur	× Sapinero, Col.	4.70	54.0	B 411
		48.72	1091.0	

rauðgreini

Vefsen grane

0.7

127.0

hand

4. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 20. maí. Frá 2. júní til 19. s. m. lág vinna við dreifsetningu ~~öllu~~ hvoru niðri vegna veðurs, fyrst vegna rigningar og síðan snjókomu. Var orðið svo blautt í reitunum vegna úrkomunnar, að þeir er um reitina fóru sukku í upp að ökla. Auk þessa voru svo tafir frá vinnu vegna veikinda, svo segja má að flest hafi hjálpað að til að seinka fyrir.

Dreifsetningu var lokið 27. júní og dreifsett tapum 100.000 plöntum færra en áætlað. Skal nú greint frá ástæðum til þess.

Dreifsetningarplöntur voru nú flokkaðar vandlegar en áður, enda komu um 14.000 plöntum færra til dreifsetningar af 3/o rauðgreini, en áætlað.

Dreifsettur var tapur fjórðri hluti af því 2/o rauðgreini, sem áætlað var að setja út. Það toppskemmdist mjög í frostinu 19. júní og því ákveðið að láta það bíða næsta vors.

Dreifsett voru aðeins 15.000 breidd-og blágreini en aftur á móti 10.000 blágreini 2/o í staðinn.

Af dahúrfulerkinu, sem var mjög toppkalið, voru aðeins hirtar 500 plöntur og ekki var talin ástæða til að dreifsetja nema 14.000 skógarfurur. Stafafuran reyndist oftalin um 1000 plöntur.

Síberíupinurinn sem hér var dreifsettur, var sendur hingað frá Hallormsstað.

Kostnaður við dreifsetningu varð kr. 24.735.68 eða 9.5 aurar á plöntu. Er það hækkun f. f. ári sem nemur 3.5 aurum á plöntu. Aðalors ~~sk~~ hækkunarinnar hlýtur að liggja í því, hve oft þurfti að skifta um verkefni og starfsfólk vegna veikinda og veðurs.

Fimm stúlkur unnu aðallega að dreifsetningunni. Í ákvæðisvinnu voru dreifsettar 244.088 plöntur en á dagkaupi 15.988 plöntur.

Dreifsetning á Vöglum 1959.

✓ Birki	3/o	Bæjarstaður.....	57.610	✓/stk.	✓
✓ Blágreini	2/o	Sapinero.....	10.624	✓ -	
✓ Brodd-og blágreini	2/3/o	Sapinero.....	14.288	✓ -	
✓ Hvítgreini	2/o	Port Hope Simpson.....	4.496	✓ -	
✓ Rauðgreini	3/o	N.- Helgeland.....	89.862	✓ -	
✓ Rauðgreini	2/o	Vefsen Grane.....	16.872	✓ -	
✓ Dahúrfulerki	3/o	Amaga Yakutsk.....	504	✓ -	
✓ Rússalerki	2/o	Onega v. 22.....	20.320	✓ -	
✓ Rússalerki	2/o	Onega v. 36.....	12.524	✓ -	
✓ Lindifura	2/o	3301-56-.....	300	-	
✓ Skógarfura	3/o	W-100-47-.....	14.392	-	
✓ Stafafura	3/o	Skagway.....	2.000	✓ -	
✓ Fjallapinur	2/o	Sapinero.....	8.892	-	
+ Fjallapinur	3/o	Bolean Lake.....	100	-	
✓ Síberíupinur <i>pl. frá Hallormsstað</i>	3/o	Sverdlovsk-Irkutsk.....	X 7.192	-	
			<u>259.976</u>	<u>G.Ö.A</u>	
			Alls	<u>260.076</u>	stk.

Segja má að dreifsetningin í heild hafi tekist vel. Helzt var þó útlit fyrir að nokkur afföll yrðu á lerkinu, en verið var að dreifsetja það þegar veðrið versnaði í júní.

Tvö kvæmi af síberíupinu voru send hingað frá Hallormsstað, en vegna þess að merkispjöld hafa tapast af kössum, bönduðust kvæmin saman við dreifsetningu hér. En þar sem kvæmin eru harla ólík mtti að mega skilja þau í sundur við upptöku.

Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annarra gróðrarstöðva:

Rauðgreini	3/o	N.- Helgeland.....	16.850	G.Ö.A	
Skógarfura	4/o	Troms strönd.....	16.150	stk.	S. E.
Skógarfura	3/o	W-100-47-.....	5.000	-	L.
			15.000	-	L.
			<u>Alls</u>	<u>36.850</u>	-

S. E.- afgreitt til Skógræktarfélags Eyfirðinga,  
L. - afgreitt til gróðrarstöðvarinnar að Laugabrekku.

Plöntur til dreifsetningar á Vöglum 1960.

Birki	3/o-4/o	Bæjarstaður.....	50.000	stk.
Broddgreni	2/o	Colorado.....	40.000	-
Blágreni	2/o	Colorado.....	35.000	-
Rauðgreni	2/o	Drevja Vefsen.....	32.000	
Rauðgreni	2/o	Serafaus, Tyrol.....	20.000	
Rauðgreni	3/o	Vefsen Grane .....	57.000	
Rauðgreni	3/o	Rana Korgen .....	15.000	124.000 -
Rússalerki	2/o	Sverdlovsk .....	24.000	-
Broddfura	2/o	Colorado.....	31.000	-
Bergfura	2/o	Pyreneafjöll.....	35.000	-
Gulfura	2/o	Colorado.....	6.000	-
Stafafura	3/o	Banff.....	7.500	-
Skógarfura	3/o	Troms hlíðar.....	54.000	- heurt
Balsampinur	2/o	Port Hope Simpson.....	14.000	
Balsampinur	3/o	Port Hope Simpson.....	24.000	38.000 -
Fjallapinur	2/o	Colorado.....	10.500	-
Fjallapöll	2/o	Lawing .....	29.000	-

Alls 484.000 stk.

Um dreifsetningarplönturnar er það helzt að segja að þær eru allar eitthvað toppkaldar, nema birkið og furutegundirnar og er því erfitt að segja um hve miklu þarf að kasta.

Ástlað er af varfærni, svo varla ætti að koma út miklu lægri tala en gert var ráð fyrir, nema sérstök óhöpp komi til.

Sjálsagt er að láta eitthvað af þessum plöntum til minni stöðvanna, ef henta þykir. Ekki er ástæða til að dreifsetja nema mjög lítið af skógarfurunni hér, enda er hún orðin óutgengilegt vara. Þá er mjög athugandi, hvort rétt sé að dreifsetja svo mikið af birki og gert hefir verið hér undanfarin ár.

5. Seldar og afhentar plöntur.

Afhentar voru um 214.000 plöntur og var það um 88.000 plöntum færri en ástlað. Skiftist það þannig eftir tegundum: Birki 3/o - 25.000 plöntur, skógarfura 2/2 og eldri, 59.000 plöntur, reynir 1800 og lerki tæpar 3000 plöntur. Reyndist ekki mögulegt að selja þessar plöntur og sátum við því uppi með þær í reitnum, nema lerkið sem ákveðið var að láta standa ári lengur, sökum þess hve misjafnt það var.

Kostnaður við plöntusölu var kr. 27.949.56. Ef tekin er með upptaka á plöntum haustið áður, verður heildarkostnaður kr. 29.673.95. Verður kostnaður á plöntu þá 13.9 aurar, hækkun um 3.1 eyrir f. f. ári, Flutningskostnaður reyndist kr. 4.037.00, svo að hreinn vinnukostnaður varð 12 aurar á plöntu, hækkun um 2.5 aura frá árinu áður.

Seldar og afhentar plöntur 1959.

Álmur	2/3	Noregur.....	75	stk.
Birki	3/0	Bæjarstaður.....100	-	-
Birki	2/2	Bæjarstaður..... <u>16.441</u>	× 16.541	stk.
Reynir	3/2	Hallormsstaður.....	× 218	-
Gulvíðir	0/3	Vagfir .....	916	-
Pingvíðir	0/3	Hallormsstaður.....	164	-
Broddgreni	2/4	Sapinero.....	^ 7.530	-
Hvítgreni	2/2/3	Moose Pass.....1.300		
Hvítgreni	2/2/3	Northway.....1.600		
Hvítgreni	2/5	Mac Grath .....	.550	
Hvítgreni	2/5	Goat Creek .....	.300	
Hvítgreni	2/4	Petters Creek.....119		
Hvítgreni	3/5	Daves Creek.....252		
Hvítgreni	2/5	Yukon Island.....78		
Hvítgreni	3/4	Jarvis Creek .....	.38	^ 4.237 -
Rauðgreni	3/3	Drevja Vefsen..... <u>59.005</u>		
Rauðgreni	2/4	Drevja Vefsen .....	.9.250	
Rauðgreni	2/3	Rana .....	.7.400	
Rauðgreni	2/2/3	Snása .....	<u>8.400</u>	^ 84.055 -
Sitkagreni	2/4-3/2/3	Seward .....	× 3.065	-
Svartgreni	4/3	Richardsons Hwy.....	× 26	-
Alaskalærki	3/3	1100-100-50- Rch.Hwy. ....	.13	
Siberiulærki	2/2	Askis .....	.2.950	
Siberiulærki	2/3	Altai Chebalinsky..... <u>4.920</u>	^ 7.883	-
Bergfura	3/3	Pyreneafjöll .....	× 3.050	-
Skógarfura	3/3	Sjomen .....	.20.000	
Skógarfura	2/2-3/3	Dalir .....	<u>31.975</u>	^ 51.975 -
Stafafura	2/3-3/2	Skagway.....	<u>31.625</u>	
Stafafura	2/2	Sapinero.....	<u>2.425</u>	^ 34.050 -
			<u>Alls</u>	<u>213.785</u> stk.

Ekki var birkið tekið upp s. l. haust, svo sem venja hefir verið. Þaði var það að rjúpur sáust varla, svo að ekki taldist þörf á vörnum þess vegna, og svo hitt að allmikill aukakostnaður er að því að þurfa að taka plönturnar upp á haustin. Þægilegra er að taka þær upp á vorin og senda beint út og er plöntuþptak- arinn til mikils flýttisauka við það verk.

Eins og sjá má yfirliti yfir söluplöntur voríð 1960 eru röskar 100 þúsund skógarfurur sem nauðsynlegt er að losna við úr reitnum og hætt er við plægja verði þær niður, ef ekki er hægt að koma þeim út í vor.

Einnig skal bent á reynivið, sem er mjög fagur, yfir 80 cm, og álm, sem nauðsynlegt er að koma út í vor.

Plöntur til sölu og afhendingar vorið 1960.

Álmur	3/3	Noregur.....	1.500 stk.
Birki	3/0	Bæjarstaður.....8.000	
Birki	4/0	Bæjarstaður.....15.000	
Birki	2/2	Bæjarstaður.....14.000	
Birki	2/2	Vaglir.....27.000	64.000 -
Reynir	3/3	Hallormsstaður.....	1.000 -
Gulvíðir	0/2	Vaglir.....	1.000 -
Þingvíðir	0/2	Hallormsstaður.....	500 -
Broddgreni	3/4	Sapinero.....	2.500 -
Rauðgreni	3/4	Drevja Vefsen....1.250	
Rauðgreni	3/4	Rana.....6.000	
Rauðgreni	3/3	Rana.....51.500	58.750 -
Sitkabastarður	3/4	Lawing.....	3.500 -
Rússalerki	2/3	Úralfjöll.....4.000	
Siberiulerki	1/4	Askiz.....800	
Siberiulerki	2/3	Askiz.....12.000	16.800 -
Skógarfura	3/2	Troms strönd....20.000	
Skógarfura	2/3	Troms strönd....23.000	
Skógarfura	2/2/3	Dalir.....5.000	
Skógarfura	3/3	Dalir.....13.000	
Skógarfura	3/3	Sjomen.....8.500	
Skógarfura	2/2/3	Sjomen.....5.000	
Skógarfura	2/2-3/3	S.- Salten.....19.000	
Skógarfura	2/3	Troms hliðar....7.500	101.000 - ✓
Stafafura	3/4	Skagway.....750	
Stafafura	3/3	Skagway.....1.750	2.500 -
Fjallapöll	3/6-2/2/4	Mac Leod.....	2.500 -
			<u>Alls 255.550 stk.</u>

6. Ýmislegt varðandi græðireitinn.

Myglu varð ekki vart í sáðbeðum, hvorki því sem sprautað var með Dithane Z 78, né hinu sem látið var ósprautað.

Aftur var sprautað í haust og verður fylgst með árangrinum. Jörð var frosin þegar snjóaði s. l. haust, svo hætta á myglu ætti ekki að vera mikil.

Illgresisoliur voru notaðar til úðunar gegn illgresinu og gafst vel. Sérstaklega var góður árangur í sáðbeðum frá vorinu, en þáuvoru sprautuð áður en fræhettan féll af og var að því mikill vinnusparnaður.

Notuð var 1 1/2 tunna af White spirit og má segja að það hafi verið alltof lítið, en væntanlega verður notkun ólíunnar aukin að mun.

Tveir liðir áætlunarinnar um reksturskostnað gróðrarstöðvarinnar fyrir 1959, fóru fram úr áætlun, vökvun um kr. 200.00 og reksturskostnaður dráttarvéla um kr. 6.280.00. Svo bætist við einn liður, sem ekki var með á áætluninni, ýmsir reikningar kr. 7.240.00. Dráttarvélin var yfirfarin vandlega í haust og auk þess

var keypt benzin seint í haust á geymir, sem er við gróðrarstöðina. Þetta tvennt skýrir það nokkuð, hve mikið var farið fram úr ástlun á þeim lið.

Rekstursafgangur varð um 14.6 % við gróðrarstöðina og má vel við una. Um ástæðuna til svo mikils afgangar, er það að segja að verkstjóri var hér aðeins fimm mánuði og er vitanlega að því sparnaður. En vissulega er það oft bagalegt og margar vanrækslu syndir hljóttast af því og við það verður ekki unað til lengdar, að hafa ekki fastráðinn verkstjóra.

V. Gróðursetning. 1954

Gróðursetning hófst 27. maí og hætt 26. júní. Aftur var tekið til við gróðursetningu 10. ágúst og henni lokið 8. sept. Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Broddgreni	2/4	Sapinero	211-214	2.730
-	Hvítgreni	3/5	Daves Creek	208	160
-	Hvítgreni		4 kvæmi	211	327
-	Hvítgreni		8 -	211	2.400
-	Rauðgreni	2/4	12 -	109	3.600
-	Rauðgreni	3/3	Drevja Vefsen	324&325	5.400
-	Svartgreni	4/3	Richards. Hwy.	319	26*
-	Alaskalerki	3/3	Richards. Hwy.	319	13
-	Síberíulerki	2/2	Askiz	210	765
-	Stafafura	3/2	Skagway	316	7.150
-	Stafafura	2/2	Sapinero	317	2.425
-	Stafafura x)	3/0	Sapinero	319	160
Þórðarstaðask.	Rauðgreni	3/3	Drevja Vefsen		5.000
Sandhaugar	Broddgreni	2/4	Sapinero		500
-	Síberíulerki	2/2	Askiz		1.000
-	Stafafura	3/2	Skagway		2.550
				<u>Alls</u>	<u>34.206</u>

Haukur Ragnarsson, skógræðingur, kom hingað 4. júní og sá hann um tilraunagróðursetningu á 12 norskum kvæmum af rauðgreni og 8 kvæmum af hvítgreni frá Alaska. Að undirbúningi loknum, hófst gróðursetning 8. júní og lauk 13. sama mánaðar. Fjórir menn unnu að gróðursetningunni í ákvæðisvinnu og voru borgaðir 80 aurar áe plöntu, en annar kostnaður, svo sem klipping á smáka, mælingar o. fl. varð 34 aurar á plöntu, alls kr. 1.14.

Uppgaflega var gert ráð fyrir norsku rauðgreni kvæmin veru gróðursett suður í Þórðarstaðaskógi eða jafnvel austur í Fells-skógi, en veðurs vegna var slíkt útilokað.

Mjög fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig hinum ýmsu kvæmum vegnar hér í skóginum og tel ég þetta það lang merkasta sem hér hefir verið unnið að gróðursetningu.

x) plöntur teknar úr Brodd-og blágreni.

Norðan við tilraunagróðursetninguna í reit 211 voru gróðursett fjögur kvæmi af hvítgreni, svo sem að ofan greinir. Skiftast kvæmin þannig eftir röðum, talið norðan frá Stefánsbraut.

Petters Creek:	1, 4, 7, og 11 röð, Plöntur:	10-25-35-49	Alls	119
Yuakon Island:	2, 5 og 8. röð,	-	:	16-28-34- - 78
Daves Creek:	3, 6 og 10. röð,	-	:	21-30-41 - 92
Jarvis Creek:	9. röð.	-	:	38- - 38

Alls 327

Í ákvæðisvinnu voru gróðursettar 28.706 plöntur, en 5,500 plöntur á tímakaupi. Varð kostnaður við gróðursetninguna 94 aurar á plöntu, hækkun um 24 aura frá f. ári.

Hinn 12. - 20. ágúst var rauðgrenið gróðursett í Þórðarstaðaskógi, sunnan og ofan við Beitarhúsarjóður, en lerkið á Sandhaugum var gróðursett 8. september.

Yfirleitt má telja að gróðursetningin hafi tekist vel, nema helzt lerkið í reit 210, en það var afgangur af plöntum frá Hallormsstað og búið að bíða nokkuð í reitnum.

Gróðursetning Skógræktarfélags S.-Þing. í skógl. Skógræktar ríkisins.

Lautaskógur	Blágreni		frá Hallormsst. neðan v.	1200
Lautaskógur	Broddgreni	2/4	Sapinero - -	2.800
-	Rauðgreni	3/3	Drevja Vefsen - -	3.500
-	Siberiulerki	2/3	Altai Chebal. ofan v.	4.920
-	Skógarfura	2/3	Dalir - -	2.600
-	Stafafura	3/0	Skagway - -	2.250
Fosselskógur	Rauðgreni	3/3	Drevja Vefsen neðan v.	10.725
Sigríðarst.sk.	Rauðgreni	3/3	Rana	3.000
-	Siberiulerki	2/2	Askiz	1.000
-	Stafafura	2/3	Skagway	200
<u>Alls</u>				<u>31.175</u>

Í Lautaskógi var allt gróðursett norðan Þorleifsgils, ofan og neðan vegar. Gróðursetningin fór þar fram í júní nema 2.000 rauðgreni voru gróðursett þar 13. ágúst.

Í Fosselskógi var gróðursett sunnan Brennisels, neðan vegar, dagana 10. ágúst - 2. september.

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett 4. og 7. sept. Hálshreppur lagði fram kr. 3.500.00 til skógræktar og var gróðursett fyrir það fé, en Skógræktarfélag S.-Þing. lagði fram plönturnar. Ekki er enn ákveðið, hvort skógræktardeildin hér í hreppnum eða hreppurinn sjálfur fær þar land ~~tt~~ og heldur áfram gróðursetningu.

Ég held að gróðursetningin hafi tekist vel nema á lerkinu, sem gróðursett var í Lautaskógi. Búið var að gróðursetja það fyrir ~~hætt~~-x 25. júní, en um það leiti voru miklir hitar. Um það sem gróðursett var í september er svo varla hægt að segja hvenig tekist hefir, fyrr en með vorinu.

Skógarvörður sá um gróðursetningu fyrir skógræktarfélagið að venju.

## VI. Byggingar og viðhald fasteigna.

---

Reynt var að vinna aðeins hið nauðsynlegasta að viðhaldi fasteigna. Samt fór svo að þessi liður fór mest fram úr áætlun eða um kr. 17.764.65. Skulu nú raktar ástæðurnar til þess að svo varð.

Lengi hefir verið á áætlun hjá Rafmagnsveitum ríkisins að leggja rafmagn hér í miðdalinn og þá um leið í Brúarlund, Furuvelli og Vagli. Töldu ráðamenn hjá Rafveitunum lengi vel að þessu verki yrði lokið í haust. Í trausti þess og samkvæmt fyrirmælum eftirlitsmanns Rafveitnanna, reyndist nauðsynlegt að endurnýja rafloagnina í Brúarlundi, í vestari álmunni og norðurhlutanum ( forstofu og snyrtiherbergjum ) öllum og yfirfara annað. Á Vöglum þurfti að endurnýja mikið af lögninni.

Kostnaður við þessar framkvæmdir varð kr. 17.100.03, fyrir Brúarlund kr. 8998.93 og fyrir Vagli 8.101.10.

Á Vöglum var auk þess málað eldhús, gangur uppi klæddur valborðum og fengin ný útdhurð.

Kosta þurfti til viðgerðar á díselrafstöðinni í Brúarlundi fyrir tæpar 900.00 kr og liggur fyrir að gera stöðina, upp fyrir vorið, þar sem fyrirsjáanlegt er að rafmagn komi hér ekki í tæka tíð fyrir vorið.

- - -

Ekki var unnið að byggingu skógarvarðarbústaðarins á árinu. Timbrið kom miklu seinna en búizt var við, en Innkaupastofnun ríkisins sá um að þanta það.

Þegar svo efnið loksins var komið á staðinn, þá brást smiður sá sem hafði lofað að framkvæma verkið. Meitir svikahrappur sá Gunnar Össurson úr Reykjavík.

Kaup-verði efnis og annar kostnaður varð:

Vinnulaun við timbur o. fl.....	kr. 1.016.32
Timbur og saumur.....	- 37.230.24
Akstur, hafnargjald, uppskipun....	- 2.711.46
Annar kostnaður.....	- <u>850.00</u>

Alls kr.41.808.02

## VII. Vegagerð.

---

Unnið var að vegagerð og viðhaldi vega fyrir kr. 29.918.27, en kr. 25.000.00 voru áætluð til þessara framkvæmda.

Úr fjallvegaskjóði voru veittar kr. 5.000.00, kr. 3.000.00 frá sýsluvegasjóði og kr. 2.500.00 frá Starfsmannafélagi K. E. A., alls kr. 10.500.00.



Í Vaglaskógi var borið í veginn frá brúnni suður að Skógarseli og þaðan suður að hliði, var borðið ofan í vertsu partana. Þá var borið ofan í vegarspotta meðfram Klettlak og er ætlast til þess að umferð í Bjarkarlund verði suður með ánni og upp með læknum. Ennfremur var borið í veginn frá Hróastaðanesi að græðireitshliði og í vertsu partana þaðan og í Vagli. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð kr. 22.951.30.

Í Þórðarstaðaskógi var unnið fyrir kr. 710.06, smávegis lagfæringar á ræsum o. fl.

Í Fossselsskógi var jafnaður allur nýi vegurinn sem gerður var árið 1957. Er lengd hans 4.9 km., auk þess var jafnaður 2.1 km. af gamla veginum á heiðinni. Frá Þjóðvegi norður Fljótsheiði, niður í skóginn sunnan við Fosssel og syðst í skóginn eru 8.3 km. Kostnaður varð kr. 6.256.91.

### VIII. Ferðir og leiðbeiningar.

-----

Á árinu fór ég margar ferðir í Fosfels-, Fellis- og Þórðarstaðaskóga vegna gróðursetningar, girðinga og vegagerðar.

Hinn 5. nóvember fór ég í Laugaskóla og leiðbeindi þar um gróðursetningu. Skólustjórinn, Sigurður Kristjánsson, hafði ósk að eftir að reynt yrði að gróðursetja að haustinu, þar sem nemendur fara svo snemma vors úr skólanum að þá er ekki tækifæri til að vinna að gróðursetningu.

Ég hefi í mörg ár ætlað að fara um og skoða allar skógræktargirðingar í sýslunni. Tími hefir þó ekki unnizt til að skoða þær nærri allar og er það mjög illa farið. Sé ég ekki annað ráð en ráðunautur Skógræktarfélags Íslands reyni að taka þetta að sér.

### IX. Ý m i s l e g t.

-----

Ferðafólk var með lang flesta móti og verður aðeins fátt nefnt.

- 2/7 Mjög fjölmannst mót innlendra og erlendra skáta,
- 3/7 Prof. Arthur Kölner,
- 4/7 Aðalfundur Skógrf. S.- Þáing í Brúarlundi

Um verzlunarmannahelgina voru talin yfir 100 tjöld hér í skógginum. Sýslumaður sendi hingað tvo lögregluþjóna, samkv. ósk minni til að annast eftirlit hér á sunnudaginn og um kvöldið. Allt fór mjög sæmilega fram.

Nokkuð bar þó á þjófnaði úr tjöldum, en yfirleitt var tilkynnt svo séint um það, að ekki þýddi eftir að leita.

Ekki er vansalaust að í skóginum skulu engin salerni vera, þegar svo mikill mannfjöldi safnast þar saman. Þyrfti nauðsynlega að bæta úr því.

Mikil vinna fór í að hreinsa til eftir tjaldgesti, þó að þess væri gætt að ætíð væri nóg til af gryfjum fyrir ruslið.

Kemur mjög til álita hvort ekki skuli heimt gjald fyrir tjaldstæði, þar sem umgengni fólks er enn mjög ábótavant.

Sett voru upp smekklegr skilti, tjaldstæða- og vegvísar og eru tjaldstæði nú leyfð neðan vegar, frá brúnni og suður að hliðinu hjá Mörk, ennfremur í Stórarjóðri.

Ungmennafélaginu Bjarma var leyft að halda tvo dansleiki í Brúarlundi og greiddi í leigu kr. 5.390.00

Ég sá um tveir skemmtanir sem Skógræktarfélag S.-Þing. hélt í Brúarlundi um verzlunarmannahelgina og var all gott upp úr þeim að hafa, enda veitti félaginu ekki af. Ekki létt ég félagið greiða hútleigu, en auðvitað allan kostnað við hreinsun inni í Brúarlundi og utan við.

- - -

Fordson dráttarvélin sem hingað var send 1953, var nú send austur að Hallormsstað, ennfremur var lítill tætarei sendur suður til Reykjavíkur. Ferguson dráttarvélin leysir þessi verkfæri af hólmi.

Ekki hefir verið sáð grasfasi út á Hálsmelum undanfarin ár, þótt full ástæða væri til að halda því áfram. Nú var borið nokkuð af tilbúnum áburði, 19 þakar, á melana og gafst vel.

Fyrir þremur eða fjórum árum voru settar þar fáeinir alaskalúpínur sem eru örlítið að byrja að sá sér þar út. Voru nú settar þar allmargar lúpínur til viðbótar.

- - -

Í heild tókst að halda fjárhagsáætlunina fyrir árið 1959, enda ýmsu ólokið af því sem framkvæma átti.

Vöglum 20. janúar 1960.

